

## Markmið um læsi

Hlutfall þeirra sem ná grunnviðmiðum (2. stig) í lesskilningi PISA fari úr 79% (2012) í 90% 2018.

# Aðgerðaáætlun: Tillögur verkefnahóps

29. mars 2015

Í september 2014 hófst vinna verkefnahóps um læsi í kjölfar útkomu hvítbókar um umbætur í menntun sem gefin var út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu í júní sama ár. Eitt mikilvægasta markmiðið í hvítbókinni snýr að læsi, það er að *hlutfall þeirra sem ná grunnviðmiðum í lesskilningi PISA fari úr 79% (2012) í 90% 2018*. Það eiga **allir** nemendur að fá raunhæf tækifæri til að ná tökum á læsi svo þeir geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu og auki möguleika sína til farsældar.

Í hvítbókinni á bls. 29 kemur fram að mikilvægt sé að skapa jákvæð viðhorf til lesturs og að allir geti náð árangri í lestri. Í því felist að ungt fólk sé hvatt til að lesa fjölbreytilegt efni, bæði heima og í skóla. Það feli einnig í sér að þeir sem annast lestrarkennslu beri ábyrgð á að allir nemendur hafi við lok grunnskóla öðlast eins góða grundvallarfærni í lestri og lesskilningi og nokkur er kostur. Því er mikilvægt að heimili, skóli og allt samfélagið taki höndum saman til að stuðla að læsi nemenda og ekki síður áhuga þeirra á lestri.

Í hvítbókinni segir ennfremur að grunnur að lestrarnámi sé lagður þegar í leikskóla með skipulegri málörvun, lestri fyrir börn og læsishvetjandi umhverfi. Þá er lögð áhersla á að ekki er um átaksverkefni í læsi að ræða, heldur þarf að hugsa um stöðugar umbætur í menntakerfinu þannig að allir nemendur njóti góðs af. Nauðsynlegt þykir að markvisst verði vakin athygli á mikilvægi læsis sem félagslegs jöfnunartækis, undirstöðu velgengi einstaklinga og grundvöll áframhaldandi náms út allt lífið: Hvatt er til þess að ljósi verði varpað á mikilvægi læsis í víðtækum skilningi jöfnuðar, tækifæra, hagrænna sjónarmiða og lífsgæða hvers einstaklings og samfélags. Einnig að ljósi verði varpað á mikilvægi kennarastarfsins og því ómetanlega hlutverki sem kennarar gegna í samfélagslegu tilliti í þjónustu við hvern nemanda.

Samstaða þarf að nást um aðgerðir til eflingar læsis, því til mikils er að vinna í þágu hvers nemanda. Það er forgangsverkefni menntamálayfirvalda, sveitarstjórna, skóla, kennara, foreldra og samfélagsins alls að stuðla að læsi nemenda. Þannig er litið á hvert sveitarfélag og skóla sem lærdómssamfélag þar sem allir koma saman og ákveða að styðja við markmið um læsi og þær breytingar sem ákveðið verður að fara í. Hlutverk allra sem að læsinnámi nemenda koma er afar mikilvægt og því er vísað til hugtaksins lærdómssamfélag sem einkennist af "...samstarfi og eindrægni um stuðning við stöðugt nám bæði fullorðinna og nemenda, stöðugri áherslu á að allir nemendur nái árangri og árangursmiðuðum starfsháttum sem bæta vinnubrögð og drífa stöðugar umbætur áfram. Einn af grunnþáttum þess að það takist að koma á viðvarandi lærdómssamfélagi er að starfsmannahópurinn sé samvirkur. Samvirkni byggir á því að hver og einn leggi sitt af mörkum til að allir nemendur nái tilætluðum árangri og átti sig jafnframt á því að allir verða að leggja sitt af mörkum heildinni til framdráttar. Lærdómssamfélagið er grundvallað á þeim gildum að gæði skóla eða fræðsluumdæmis verði aldrei meiri en hæfni kennara og stjórnenda gefur tilefni til. Að byggja upp faglega hæfni einstaklinga og hópa til að takast á við stöðugar umbætur er því hornsteinn lærdómssamfélagsins (Dufour og Fullan, 2013, bls. 1 - 28)."

Við vinnu hópsins var höfð að leiðarljósi skilgreining á læsi frá *The International Association for the Evaluation of Educational Achievement (IEA)*: „Læsi vísar til hæfninnar til að skilja og nota ritmál tungunnar í samræmi við kröfur samfélagsins og/eða óskir einstaklings. Í því felst að börn og ungmenni geti tileinkað sér ýmiss konar texta og lagt í hann merkingu. Þeir lesi til að læra, til að taka þátt í samfélagi lesenda í skóla og daglegu lífi og þeir lesi sér til ánægju.“

## Markmið um læsi

Hlutfall þeirra sem ná grunnviðmiðum (2. stig) í lesskilningi PISA fari úr 79% (2012) í 90% 2018.

Stór liður í mótun tillagna verkefnahópsins voru umræður og ábendingar sem fram komu á fundum með ýmsum samráðshópum sem í átta sæti fulltrúar, m.a. frá Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri, skólastjórum, Heimili og skóla, sérkennurum, sérfræðingum í kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku og verkefnastjórn um lýðheilsu. Einnig var fundað með reyndum kennurum í lestrarkennslu, leikskólakennurum, nemendum úr ungmennaráðum, fulltrúum frá RÚV og fleirum, þá var farið í heimsóknir þar sem skoðaðar voru leiðir í lestrarkennslu sem hafa skilað góðum árangri. Öllum þeim aðilum sem að vinnunni hafa komið er þakkað samstarfið.

Hér eru settar fram fjórar megingtillögur um læsi sem byggja á innlendum og erlendum rannsóknum, skýrslum, reynslu sveitarfélaga og skóla sem náð hafa árangri í læsi, erlendum viðmiðum um árangursríkar umbætur í skólastarfi sem snúa að auknu læsi með áherslu á samvinnu alls skólasamfélagsins, ábendingum frá ýmsum hagaðilum og ábendingum sem fram komu á 25 samráðsfundum sem ríflega 100 manns sóttu. Einnig sóttu yfir 100 manns fund 5. febrúar 2015 til að rýna tillögurnar og bæta þær. Rýni fékkst frá fjölmörgum aðilum og tillögurnar taka mið af þeirri rýni. Þá var starfandi sérstakur samráðshópur hvítbókar þar sem voru fulltrúar frá helstu samtökum sem snúa að menntamálum og atvinnulífi sem komu með ábendingar og athugasemdir. Ekki skiluðu allar ábendingar sér í breytingum, enda stönguðust mismunandi tillögur á í vissum tilfellum.

Verkefnahópurinn skoðaði ábendingar og setur fram eftirfarandi tillögur:

<b>Ákvörðun</b>	<b>1. Taka ákvörðun um árangur í læsi</b> <ul style="list-style-type: none"><li>Sveitarfélög setji skýr viðmið um árangur í læsi og fylgi þeim eftir</li></ul>
<b>Stuðningur</b>	<b>2. Efla ráðgjöf, stuðning og starfsþróun</b> <ul style="list-style-type: none"><li>Stuðningur verði veittur til að ná markmiðum um læsi</li></ul>
<b>Læsi</b>	<b>3. Leggja áherslu á læsi á öllum skólastigum</b> <ul style="list-style-type: none"><li>Öllum nemendum verði gefin aukin tækifæri á að ná árangri í læsi</li></ul>
<b>Samstarf</b>	<b>4. Auka samstarf við foreldra og auka áhuga á læsi</b> <ul style="list-style-type: none"><li>Foreldrar taki virkan þátt í læsinaami barna sinna</li></ul>

**Markmið: 90% grunnskólanemenda ná í lágmarksviðmiðum í lestri (miðað við PISA 2018)**

Tillögurnar eru settar fram í aðgerðum sem hér birtast:

# Markmið um læsi

Hlutfall þeirra sem ná grunnviðmiðum (2. stig) í lesskilningi PISA fari úr 79% (2012) í 90% 2018.

## Tillaga 1: ÁKVÖRÐUN

### 1. Taka ákvörðun um árangur í læsi

Sveitarfélög setji skýr viðmið um árangur í læsi og fylgi þeim eftir

#### 1a. Ákvörðun um árangur í læsi

Hvatt er til þess að öll sveitarfélög setji fram sáttmála sem birtist í skýrri og aðgengilegri læsisstefnu sem verði hluti af skólustefnunni sem hver skóli útfærir. Þar komi fram viðmið um árangur í læsi fyrir alla aldurshópa. Fyrirmyndir um stefnur og dæmi um viðmið verði aðgengileg miðlægt.

Ábyrgð:

#### 1b. Árangur og mat

Reglubundnar mælingar (skimanir/mat) verði gerðar til að meta árangur í málþroska og læsi í leik- og grunnskólum og niðurstöður nýttar til stöðugra umbóta í námi og kennslu læsis í þágu hvers nemanda.

Ábyrgð:

Miðlæg gagnaöflun um árangur í læsi verði á hendi ráðuneytis með aðgengilegum gögnum sem nýtast til stefnumótunar og ákvarðanatöku.

Ábyrgð:

#### 1c. Viðmið og viðbragðsáætlanir

Menntamálastofnun þrói stöðluð viðmið um árangur í læsi fyrir leikskóla og hvert skólaár grunnskóla. Þangað til verði stuðst við önnur þekkt viðmið.

Ábyrgð:

Leiðbeinandi viðbragðsáætlanir við lestrarörðugleikum verði þróaðar miðlægt og gerðar aðgengilegar til stuðnings fyrir skóla.

Ábyrgð:

#### 1d. Samstarf og skilningur á mikilvægi læsis

Skólar haldi reglulega fræðslufundi um læsi með foreldrum, t.d. þegar barn hefur leikskólagöngu, í upphafi 1., 4., 7. og 10. bekkjar grunnskóla.

Ábyrgð:

#### 1e. Tvítýngdir foreldrar og nemendur

Sérstök samvinna skóla verði við foreldra barna með annað móðurmál en íslensku, skipulagt verði t.d. stuðningsnet fyrir þá á landsvísu og innan sveitarfélags/hverfis.

Tvítýngdir foreldrar verði hvattir til að aðstoða leik- og grunnskólabörn sín á þeirra eigin móðurmáli, auka orðaforða, efla málvitund og færni í tjáningu (virkt tvítýngi). Skólar þjálfí orðaforða, lesskilning, ritun og tjáningu á íslensku og vinni að virku tvítýngi. Sérstök áhersla verði á að nýta þekkingu og reynslu skóla, kennara og sérfræðinga og grasrótarsamtaka sem náð hafa árangri á þessu sviði

Ábyrgð:

#### 1f. Sjóðir

Hvatt er til að Sprotasjóður, Þróunarsjóður námsgagna og aðrir viðeigandi sjóðir verði með sérstaka læsisáherslu.

Ábyrgð:

#### 1g. Árleg ráðstefna

Ráðuneyti efni til námsstefnu þar sem læsi verði í brennidepli. Tilgangurinn verði að (a) varpa ljósi á læsisárangur, (b) auka umræðu um læsi og þær leiðir sem bestar eru til að ná árangri í læsiskennslu og (c) vekja áhuga á læsi meðal nemenda og skólasamfélaga.

Ábyrgð:

## Markmið um læsi

Hlutfall þeirra sem ná grunnviðmiðum (2. stig) í lesskilningi PISA fari úr 79% (2012) í 90% 2018.

### Tillaga 2: STUÐNINGUR

## 2. Efla ráðgjöf, stuðning og starfsþróun

Stuðningur verði veittur til að ná markmiðum um læsi

### 2a. Ráðgjöf og stuðningur

Að minnsta kosti tíu ráðgjafar verði ráðnir til að vinna sem teymi næstu fimm árin. Þeir sinni ráðgefandi hlutverki og stuðningi við læsinnám og námsmat um allt land, með aðkomu og virku samstarfi ráðuneytis, sveitarfélaga, KÍ, Heimilis og skóla, háskólasamfélagsins o.fl. Ráðgjafar hljóti leiðsögn í að þjálfa aðra og veiti víðtækan stuðning og starfsþjálfun á vettvangi og í gegnum vefsíðu, sbr. næsta lið. Ráðgjafar styðji skóla til stöðugra umbóta í anda lærdómssamfélagsins og miðli milli skóla og kennara bestu leiðum til eflingar læsis, þ.e. leiðum sem rannsóknir og mælingar hafa sýnt að skili árangri. Ráðgjafar samhæfi störf sín um allt land.

**Ábyrgð:**

### 2b. Vefsíða

Ráðgjafar haldi utan um vefsíðu og læsistorg og miðli þekkingu með þátttöku kennara og annarra sérfræðinga. Þar verði m.a. aðgengi að fræðsluefni um málþroska og læsi á margvíslegu formi, upplýsingar og leiðbeiningar um náms- og kennsluáferðir sem nýtist öllum aldurshópum, umfjöllun um niðurstöður íslenskra og erlendra rannsókna á sviði málþroska og læsis, leiðbeinandi viðbragðsáætlanir og lesskimunarpróf.

**Ábyrgð:**

### 2c. Skimanir

Menntamálastofnun þrói lesskimanir fyrir alla aldurshópa og aðgangur að þeim verði gjaldfrjál. Ráðgjafar aðstoði kennara og aðra sem koma að læsinnámi við fyrirlögn, túlkun og eftirfylgni niðurstaðna skimana fyrir alla aldurshópa.

**Ábyrgð:**

### 2d. Kennaramenntunarstofnanir og læsi

Kennaranám verði endurskoðað með markmið um að allir kennarar útskrifist úr námi með staðgóða þekkingu á þróun málþroska og læsis fram á fullorðinsaldur, aðferðum sem skila árangri við kennslu læsis\* og mati á framförum. Þá verði séð til þess að dýpkun á sérsviði læsis verði í boði í tengslum við hvert skólastig. Starfsþjálfun kennaranema á vettvangi verði einnig aukin til muna.

Þá verði sérstaklega hugað að menntun sérkennara og kennara tvítýngdra barna á sviði máls og læsis, m.a. að þjálfun í notkun árangursríkra\* lestrarkennsluáferða verði fastur liður í námi þeirra.

Hugað verði að skipulögðum stuðningi við útskrifaða kennara. Einnig verði hlutverk og ábyrgð háskóla til að sinna starfandi kennurum í leik- og grunnskólum endurskilgreint.

**Ábyrgð:**

### 2e. Fjölgun kennara og sérfræðinga

Mikilvægt er að áfram verði hugað að fjölgun leikskólakennara og vísað er í aðrar áætlanir þar um, einnig er mikilvægt að huga að fjölgun grunnskólakennara og sérfræðinga.

**Ábyrgð:**

### 2f. Hlutverk stjórnenda og starfsþróun kennara v. læsis

Skólastjórnendur fái virkan stuðning í formi fræðslu, þjálfunar og ráðgjafar til að efla starfsþróun þeirra á vettvangi. Ábyrgð skólastjórnenda á eflingu læsis, eftirfylgni með læsisstefnu skólans, starfsháttum kennara og árangri nemenda verði skýr. Skólastjórnendur sjái til þess að kennarar fái endurgjöf á læsiskennslu, m.a. í samræmi við innra og ytra mat. Sérstaklega er lagt til að skólastjórnendur ýti undir starfsþróun kennara í tengslum við læsi og að samráð verði haft við fagråd um símenntun og starfsþróun kennara í þessu samhengi.

**Ábyrgð:**

\* Aðferðir sem skila árangri samkvæmt rannsóknum og mati

## Markmið um læsi

Hlutfall þeirra sem ná grunnviðmiðum (2. stig) í lesskilningi PISA fari úr 79% (2012) í 90% 2018.

Tillaga 3: LÆSI

### 3. Leggja áherslu á læsi á öllum skólastigum

Öllum nemendum verði gefin aukin tækifæri á að ná árangri í læsi

#### 3a. Aðferðir sem skila árangri skv. rannsóknum og mati

Áhersla verði lögð á mikilvægi þess að skólar vinni út frá náms- og kennsluáðferðum, sem skila árangri í læsi samkvæmt rannsóknum og mati.

**Ábyrgð:**

Allir kennarar hafi góð tök á aðferðum sem skila árangri við eflingu læsis og ritunar og flétti þær inn í kennslu í öllum námsgreinum.

**Ábyrgð:**

Ráðgjafar hugi sérstaklega að þjálfun sérkennara og kennara almennt á leiðum í læsinnámi sem skila árangri skv. rannsóknum og mati.

**Ábyrgð:**

#### 3b. Snemmtæk íhlutun\*\*

Sérstök áhersla verði á að hefja læsinnám í leikskólum, þar sem markvisst verði unnið með grunnþætti bernskulæsis eftir fjölbreyttum leiðum í gegnum leik og skipulagt starf. Fylgst verði náið með málþroska og læsi í leikskólum og fyrstu bekkjum grunnskóla. Snemmtæk íhlutun og viðbragðsáætlanir miðist við að sem flest börn sem lokið hafa 3. bekk hafi þá grunnfærni í læsi sem nauðsynleg er til áframhaldandi náms. Lögð verði sérstök áhersla á að styrkja hlutverk talmeinafræðinga og annarra sérfræðinga.

**Ábyrgð:**

#### 3c. Allir kennarar skilgreini sig sem læsiskennara

Allir kennarar skilgreini sig sem læsiskennara og vinni m.a. með orðaforða, ritun, lesskilning og tjáningu í ólíkum námsgreinum.

Áfram verði kerfisbundið læsinnám í og eftir 4. bekk og til loka 10. bekkjar, og áfram í framhaldsskólum ef þörf krefur, með áherslu á lesskilningsaðferðir, eflingu orðaforða, lesfimi, yndislestur, skapandi skrif, tjáningu og túlkun. Nemendur sem sýna afbuðarfærni í læsi njóti stuðnings og hvatningar til að dýpka enn frekar læsi og lesskilning.

Ráðgjafar aðstoði við að útfæra leiðir til að byggja læsinnámið markvisst inn í ólíkar námsgreinar. Innleiðing í hverjum skóla verði á ábyrgð skólastjóra með stuðningi sveitarfélags.

**Ábyrgð:**

Læsiskennsla verði veigamikill þáttur í ytra mati á skólastarfi frá og með árinu 2017 og niðurstöðum mats verði fylgt markvisst eftir.

**Ábyrgð:**

\*\* Hugtakið beinir kastljósi á nauðsyn þjálfunar ungra barna þar sem undirstaða læsinnáms barnsins hefst um leið og máltakan, með áherslu á tjáningu, orðaforða o.fl.. Oftast er miðað við börn í leikskóla og í fyrstu þremur bekkjum grunnskóla þegar vísað er í „snemmtæka íhlutun“ þ.e. gripið er inn í með viðeigandi ráðum þegar og ef vart verður við málþroska- og/eða læsiserfiðleika.

## Markmið um læsi

Hlutfall þeirra sem ná grunnviðmiðum (2. stig) í lesskilningi PISA fari úr 79% (2012) í 90% 2018.

### Tillaga 4: SAMSTARF

## 4. Auka samstarf við foreldra og auka áhuga á læsi

Foreldrar taki virkan þátt í læsinsámi barna sinna

### 4a. Foreldrar lesi fyrir börn sín og hlusti af athygli á þau lesa

Mikilvægt er að foreldrar sjái sig sem virka þátttakendur í læsinsámi barna sinna og fylgist með framvindu og árangri í læsi. Foreldrar eigi daglega lestrarstund með börnum sínum til loka grunnskóla. Foreldrar fái stuðning og fræðslu til þess að hlúa að lestrarnámi barna sinna, ekki síst þeirra barna sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda.

Heimili og skóli taki áfram virkan þátt í að hvetja foreldra til þátttöku í læsinsámi barna sinna.

**Ábyrgð:**

### 4b. Aðgengi að lesefni við hæfi

Almenningsbókasöfn, skólasöfn og skólar leggi áherslu á að hafa á boðstólum fjölbreytt lesefni, bækur og rafrænt efni sem höfðar til nemenda og tækifærið nýtt til að efla hlutverk bókasafna í því að stuðla að auknu læsi barna og ungmenna. Opnunartími skólasafna verði lengdur og þjónusta bætt.

**Ábyrgð:**

Undirrituð verði sameiginleg viljayfirlýsing mennta- og menningarmálaráðuneytisins og samtaka réttihafa um eflingu læsis og aukningu framlaga fyrir afnot bóka á bókasöfnum.

**Ábyrgð:**

### 4c. Lesefni og áhugi á lestri

Ráðuneyti, sveitarfélög, skólar, fjölmiðlar, útgáfufélög, bókahöfundar og aðrir hugi að margvíslegum leiðum til að koma lesefni á framfæri, t.d. með því að:

- i. hvetja nemendur til að tjá sig um og mæla með lesefni,
- ii. hvetja útgefendur, rithöfunda og þýðendur barna- og unglingsbóka til að kynna bækur sínar í fjölmiðlum og skólum
- iii. skoða leiðir til að nýta samfélagsmiðla til að hvetja nemendur og auka áhuga á læsi
- iv. endurskoða útgáfu lesefnis m.t.t. áhuga nemenda, matið byggist m.a. á afstöðu nemenda, núverandi og fyrirverandi, hugmyndum þeirra og ábendingum.
- v. áhersla verði á útgáfu á rafrænu lesefni, aðgengi að námsefni, gerð innhaldsríkra léttlestrarbóka fyrir eldri nemendur
- vi. meta þætti sem vekja áhuga á læsi og nýta þá til að hvetja nemendur í læsisþjálfun sinni

**Ábyrgð:**

### 4d. Fjölmiðlar og kynningar á lesefni

Fjölmiðlar verði hvattir til samfélagslegrar ábyrgðar með umfjöllun um íslenskt mál, menntamál almennt og læsi. Einnig að vekja athygli á mikilvægi starfs kennara og þróunarstarfi í skólum og einnig á vægi læsis í tengslum við jöfnuð, undirstöðu velgengni og grundvöll til áframhaldandi náms út lífið.

**Ábyrgð:**

### Þátttakendur í verkefnahóp um læsi:

Almar Halldórsson, Námsmatsstofnun\*  
Ásdís Hallgrímsdóttir, Ölduselsskóli  
Freyja Birgisdóttir, Háskóli Íslands  
Guðfinna S. Bjarnadóttir, verkefnastjóri  
Guðlaug Sturlaugsdóttir, grunnskóli Seltjarnarness  
Guðni Olgeirsson, Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Gunnar Gíslason, Akureyrarbær  
Ingvi Hrannar Ómarsson, Sauðárkróki  
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Mennta- og menningarmálaráðuneyti\*  
Vilhjálmur Kristjánsson, LC Ráðgjöf

\* Voru ekki formlega skipuð í hópinn en voru með á síðari stigum vinnunnar vegna sérfræðibekkingar sinnar